

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra, á Skagaströnd,
fimmtudaginn 7. október 2009, kl. 13.00**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Bjarni K. Þórisson, Pétur Jónsson, Elín R. Líndal og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Úthlutun menningarstyrkja

Seinni umsóknarfrestur ársins um verkefnastyrki rann út 15. sept. sl. Alls bárust 65 umsóknir þar sem óskað var eftir tæpum 47 milljónum samtals.

Menningarráð fór yfir umsóknirnar. Samþykkt var að veita 51 aðila verkefnastyrki samtals að upphæð 18,3 milljónir króna.

2. Úthlutunarhátíð

Samþykkt var að úthlutun verkefnastyrkja færi fram á Skagaströnd miðvikudaginn 21. október kl. 17.00.

3. Framhald menningarsamnings

Menningarfulltrúi skýrði frá sameiginlegum fundi menningarfulltrúa landsbyggðarinnar, þann 1. okt. sl., með ráðherrunum, Katrínu Jakobsdóttur og Katrínu Júlíusdóttur, en flestir menningarsamningarnir renna út um næstu áramót. Á fundinum kom fram að vilji er innan ráðuneytanna til þess að gera nýja samninga en fjármögnun þeirra er enn ólokið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.30.

Ingibergur Guðmundsson
fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.